

86 að svo hafi ekki verið, enda byggið þjer á því, að Sigurbjörn hafi allan tímann, 8. ágúst er hann dvaldi í Borgarnesi, haft íbúð á leigu í Reykjavík og haldið við heimili sínu þar; eftir þeim upplýsingum sem fyrir yður lágu gat þetta líka átt sjer stað, en með ítarlegri rannsókn um þetta atriði er það upplýst, að haustið 1906 var Sigurbjörn til heimilis á Laufásvegi 20, bjó þar með guðfræðinemanda í herbergi, er þeir höfðu á leigu í fjelagi að minsta kosti fram yfir miðjan veturinn eða þar til Sigurbjörn fór til Borgarness, að sögn hans sjálfs í byrjun til þess að finna unnustu sína, en úr þessu varð þó föst dvöl og í yfirlýsingu til Bóksalafjelagsins í Reykjavík, dags. 24. apríl 1907, en Sigurbjörn hafði ásamt öðrum manni gjörst útsölumaður fjelagsins þar, getur hann þess, að hann sje búsettur í Borgarnesi; kemur þetta og fram í ábyrgðarskjali, dags. 21. maí s. á., útgefnu af tveim borgurum þar fyrir þá fjelaga til nefnds fjelags. Um sumarmálin þetta vor tók Sigurbjörn einnig að fást við timburverslun í Borgarnesi fyrir kaupmann einn í Reykjavík. Sambýlismaður Sigurbjarnar frá Laufásvegi 20 bjó þar þangað til skóla var lokið um vorið og var herbergið þá leigt öðrum. Var heimilisfangi Sigurbjarnar á Laufásvegi 20 þar með tvímælalaust lokið. Það hefir verið talið styðja það, að Sigurbjörn hafi átt heimili í Reykjavík þetta vor og sumar, að unnusta hans fór úr Borgarnesi um vorið til Reykjavíkur og að Sigurbjörn fór til Reykjavíkur seint í júlí til að kvænast og skildi konuna þar eftir, en fór sjálfur til Borgarness aftur. Þetta sannar nú samt ekkert í málinu, því að það er upplýst, að þar sem konan dvaldist um sumarið átti Sigurbjörn ekki heimili. Það er fyrst með haustinu, 1. okt. 1907, að Sigurbjörn tekur húsnaði á Klapparstíg 20. Var hús þetta í smíðum þá um sumarið og var fyrst tekið til notkunar um haustið.

Af þessu sem nú hefir verið sagt, er það ljóst, að heimilisfestu Sigurbjarnar í Reykjavík umrætt ár hefir um nokkra mánuði algerlega verið slitið, og þar eð hann hefir þannig ekki uppfyllt skilyrði 32. gr. fátækralaganna fyrir sveitfestisvinslu um samfleytt löglegt heimilisfang í Reykjavík í 10 ár áður en honum var veittur hinn umræddi fátækrastrykur árið 1914, úrskurðast oftnefndur Sigurbjörn Sigurðsson að vera sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Saurbæjarhrepss.

87 *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um sveitfesti*
12. ágúst þurfalings.

Hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 13. nóvbr. f. á, sem ákveður, að Þórður nokkur Gíslason sje ekki sveitlægur í Vopnafjarðarhreppi, en af því leiðir, að maður þessi ætti að eiga sveit í Gerðahreppi.

Nefndur Þórður Gíslason er óskilgetinn og fæddur á Svíra í Skriðuhreppi 87 í Eyjafjardarsýslu 17. maí 1896. Móðir hans, Sigríður Finnsdóttir, var þá á ferð 12. ágúst austan úr Vopnafirði og suður í Garð á Rosmhvalanesi. Fór frá Vopnafirði á útmánuðum það ár með eimskipinu »Vesta«, en varð að ganga af skipinu á Eyjafirði, því að skipið bilaði þar í is og gat ekki haldið ferðinni áfram.

Spurningin er þá sú, hvar móðir Þórðar átti lögheimili, er hún ól hann eða næst fyrir fæðingu hans, ef hún ekkert heimili átti á fæðingardeggi hans.

Um þetta er í skjölum málsins upplýst, að hún, er leyst hafði leyfisbrjef til lausamensku, fór sunnan úr Garði sumarið 1895 austur að Leiðarhöfn í Vopnafirði og dvaldist þar uns hún tók sjer far með »Vesta«, eins og áður segir. Var hún haustið 1895 skrifuð í manntal til heimilis í Leiðarhöfn, sem innkomin þangað úr Útskálaprestakalli. Um dvöl sína í Leiðarhöfn hefir Sigríður sjálf undir rekstri þessa máls tvisvar gefið skýrslu, í síðara skiftið fyrir hreppstjóra Vopnafjarðarhrepps, og skýrt svo frá, að hún hafi að eins verið kaupakona í Leiðarhöfn nefnt sumar, en að fór hennar þaðan hafi frestast vegna óhagstæðra skipa-gangna og að hún vistarárið 1895—1896 hafi átt lögheimili í Finnsbæ í Gerðum í Garði hjá Þorsteini Finnssyni bróður sínum, er þar bjó með móður þeirra. Samkvæmt kirkjubók Útskálaprestakalls er við þetta að athuga, að Þorsteinn þessi átti þetta ár og næstu 3 ár á undan ekki heima í Finnsbæ — var þar síðast 1891 — heldur á Eiði í Garði, var kvæntur maður og bjó ekki með móður sinni, er var þó á dvöl hjá honum, ennfremur er Sigríður Finnsdóttir ekki skrifuð til heimilis hjá nefndum bróður sínum árið 1895 nje næstu 5 árin fyrir og árin 1892—1895 er hennar hvergi getið í manntali Útskálaprestakalls. Þá hefir Sigríður borið það, að hún vorið 1896 hafi komið heim til nefnds bróður síns og móður sinnar að austan í maí, og eftir skýrslu hennar að dæma orðið þar til heimilis, en auk þess sem það er næsta ósennilegt, að hún hafi getað komist suður svo snemma vors, er það upplýst með vottorði páverandi sóknarprests að Útskálum, að Sigríður kom til hans í júlímánuði nefnt ár, þá óráðin, og varð þar vinnukona, enda er hún talin til heimilis þar við manntal um haustið.

Húsbændur Sigríðar í Leiðarhöfn hafa undir rekstri málsins gefið vottorð um veru hennar hjá sjer árið 1895—96 og bera það, að hún hafi verið ráðin hjá þeim kaupakona sumarið 1895, en að burtför hennar hafi frestast af einhverjum atvikum, sem þau ekki muna og ennfremur votta þau, að Sigríður hafi ekki átt lögheimili hjá þeim umrætt ár. Um þetta síðasta atriði verða þau hjón þó ekki talin bær að dæma, auk þess sem þessi framburður þeirra stríðir á móti skýrslu þeirri, er þau gáfu 1895 fyrir presti um heimilisfast fólk hjá sjer, þar sem nefnd Sigríður er þá talin heimilisföst þar, innkomin úr annari sveit.

Samkvæmt framanrituðum málavöxtum verður að líta svo á, að Sigríður Finnsdóttir, móðir hins umrædda Þórðar Gíslasonar, hafi ekki átt lögheimili í Rosmhvalaneshreppi, síðar Gerðahreppi, er Þórður fæddist eða síðast, áður en hann fæddist, en að þetta heimilisfang hennar, sem ekki hafa verið færð gögn

87 að, að ekki hafi verið löglegt, hafi verið í Leiðarhöfn, og úrskurðast því, að 12. ágústnefndur Þórður Gíslason skuli teljast sveitlægur í Vopnafjarðarhreppi.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps.

88 **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá í Fnjóskadal«**, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af 9. júlí diktisdóttur frá Belgsá í Fnjóskadal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 9. júlí 1918. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá í Fnjóskadal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá og heitir:

»Styrktarsjóður Þóru Benediktsdóttur«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1. jan. 1918 kr. 456.00 — fjögur hundruð fimtíu og sex krónur —, sem ávalt skal ávaxtast á vel tryggum stað, en þess þó jafnframt gætt, að hagnýta sem hæsta vexti, er bjóðast á hverjum tíma.

3 gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum íbúum Hálshrepps hjálp, er veikindi ber að höndum, og má í því skyni árlega verja $\frac{2}{3}$ hlutun vaxtanna. En minst $\frac{1}{3}$ hluti þeirra leggist árlega við höfuðstólinn, uns hann er orðinn 1000 krónur. Má eftir það útbýta öllum vöxtunum, ef sjerstök ástæða er fyrir hendi. Þykir eigi ástæða til að úthluta nokkru af vöxtunum eitthvert árið, leggjast þeir allir við höfuðstólinn. Hann má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn styrktarsjóðsins hafa á hendi hreppstjóri og oddviti Hálshrepps ásamt sóknarpresti. Ráðstafar stjórnin ávöxtun sjóðsins, og útbýtir styrk til um-